

Fundur í Íþrótt- og tómstundanevnd Langanesbyggðar miðvikudaginn 11. júní 2014 kl 12.00

Mætt eru: Eggert Stefánsson, Kristín Heimisdóttir, Sólveig Sveinbjörnsdóttir, Ólafur Steinarsson og Vilborg Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

1.mál: Svarthol

Rætt um stöðu mála í félagsmiðstöðinni og nefnd ánægð með það starf sem náðist að byggja þar upp á síðasta misseri. Leggjum til að forstöðumaður Svarthols verði með prókúru af bankareikningum og skili til nefndarinnar uppgjörsskýrslum fyrir hverja önn.

Lagt til að forstöðumaður sé boðaður á fundi ÍTN minnst einu sinni á önn.

Í sjóði eru til kr. 84.000 til áframhaldandi framkvæmda með haustinu. Krakkarnir eiga líka afgang af sjóði sem þau söfnuðu kr. 67.000.

2.mál: Sjálfboðaliðar SEED

Koma í þremur 8 manna hópum.

Þórshöfn 8.-20.júlí

Bakkafirði 19.-31.júlí

Þórshöfn 10.-22.ágúst

Þórshafnarhópar: Skoðað að þau geti dvalið í Glaðheimum. Boðið verður upp á hádegismat á Nausti þá daga sem þau eru í vinnu. Sveitarfélagið myndi bjóða upp á eina útsýnisferð út á Langanes með leiðsögn og pylsuveislu. Þau fá frítt í sundlaug. Flokkstjóri unglíngavinnunnar mun stýra verkefnum þeirra.

Bakkafjarðarhópur: Munu búa í grunnskólanum. Muna fara með þau út í Steintún og í vitann. Fara í sund á Vopnafirði og eyða einum degi hér á Þórshöfn.

Kristín og Vilborg munu vinna þetta áfram og setja sig í samband við starfsmann samtakanna.

3.mál: Ástandsskýrslur Þórsvers og Íþróttamiðstöðvarinnar

Nefndin tók skýrslurnar til umræðu og vill hún árétta við nýja sveitarstjórn að fjalla efnislega um ástandsskýrslur beggja húsa. Leggur nefndin til að gerð verði framtíðar viðhaldsáætlun um þessar byggingar og verkefnum forgangsraðað.

4.mál: Erindi vegna íþróttamiðstöðvar

Fram hefur komið óánægja með nýafstaðna framkvæmd í Íþróttamiðstöðinni í kringum heita potta. Vill nefndin koma athugasemdum áfram til stjórnar Vers og óska eftir skýringum á framkvæmdinni.

5.mál: Opnunartími íþróttamiðstöðvar

Nefndin leggur áherslu á að sumaropnun hefjist sem fyrst og framvegis verði frá 1. júní – 1. september sem samræmist þá opnun á tjaldsvæðum.

6.mál: Bæklingur frá íþróttamiðstöð

Komin er saman bæklingur frá íþróttamiðstöðinni. Hann verður prentaður á næstu dögum á ensku og íslensku. Einnig prenta veggspjald í stærð A3 til að hengja upp á tjaldstæði.

Fundi slitið kl. 13.40